

Hólfabjónusta

14.01.2025

Talhólf og Svarhólf eru bæði símsvarabjónustur, en það er einn meginmunur á þeim: Þegar hringt er í Talhólf spilast símsvarakveðja og svo er hægt að skilja eftir skilaboð, en Svarhólf spilar bara kveðjuna og býður ekki upp á að skilja eftir skilaboð.

Talhólf

Talhólf er hinn sígildi símsvari og fylgir ókeypis með öllum farsímaáskriftum. Þú ræður hvenær og færð SMS tilkynningu þegar einhver skilur eftir skilaboð í Talhólfinu þínu.

Til að hringja í Talhólf úr símanum sem það tilheyrir er nóg að hringja í síma **411**.

Til að hringja í Talhólf úr öðrum síma hringir þú í síma **880 0100** og þarft að slá inn símanúmer og lyklnúmer Talhólfsins til að auðkenna þig.

Til að hringja í Talhólf frá útlöndum hringir þú í síma **(+354) 880 0200** og þarft að slá inn símanúmer og lyklnúmer Talhólfsins til að auðkenna þig.

Fyrsta uppsetning

Í fyrsta sinn sem þú hringir í Talhólfið færð þú sérstaka kynningu fyrir nýja notendur. Kynningin mun leiðbeina þér til að velja 4 stafa lyklnúmer og lesa inn símsvarakveðju. Uppsetning Talhólfs er aðeins aðgengileg með því að hringa í síma **1411** úr símanum sem Talhólfið tilheyrir.



Símsvarakveðjan

Kveðjan þín getur verið allt að 30 sekúndur og er spiluð í hvert sinn sem einhver hringir í Talhólfið þitt.

Hlusta á og vista skilaboð

Ný skilaboð eru spiluð sjálfkrafa þegar þú hringir í Talhólfið. Til að hlusta á eldri skilaboð velur þú í aðalvalinu.

- Skilaboð eru geymd í 24 klukkustundir eftir að þú hlustar á þau.
- Þú getur vistað skilaboð til að geyma þau í allt að 365 daga.
- Ef ekki er hlustað á ný skilaboð er þeim eytt eftir 7 daga.
- Hver skilaboð mega vera allt að 60 sekúndur að lengd.
- Hámarks samanlagt lengd skilaboða í Talhólfinu er 20 mínútur, óháð fjölda skilaboða.

Stillingar Talhólfs

Veldu **2** í aðalvali til að komast í eftirfarandi stillingar.

- Breyta símsvarakveðju.
- Breyta lyklnúmeri.
- Breyta tungumáli (hægt er að velja íslensku eða ensku).
- Slökkva eða kveikja á lyklnúmeri.



Farðu varlega!

Við mælum alltaf með að kveikt sé á lyklnúmerinu til að koma í veg fyrir að óviðkomandi aðilar komist í Talhólfið þitt.

Hringiflutningur í Talhólf

Til að fólk geti náð sambandi við Talhólfið þitt þarftu að [setja upp hringiflutning](#). Þú getur ákveðið hvort hringiflutningur eigi sér stað þegar þú svarar ekki símanum, ef þú ert utan þjónustuvæðis eða síminn þinn er á tali. Að sjálfsögðu getur þú líka flutt öll símtöl beint í Talhólfið þitt, en þá mun síminn þinn aldrei hringja.

Svarhólf

Svarhólf eru sérstök símanúmer sem byrja á tölunum **878** og gefur upp upplýsingar eða skilaboð sem eigandinn vill koma á framfæri. Þegar hringt er í Svarhólf spilar það kveðjuna sína þrisvar og slítur svo símtalinu. Þau sem hringja geta ekki skilið eftir skilaboð í Svarhólfi.

Til að komast í aðalval Svarhólfs þarftu að hringja í það, ýta **#** um leið og það svarar og slá inn lyklnúmer.



Hvert er lyklnúmerið?

Þú býrð til 4 stafa lyklnúmer þegar þú setur upp Svarhólfið og getur breytt því að vild. Ef þú ert að fara í aðalval Svarhólfsins í fyrsta sinn er lyklnúmerið **9999**.

Fyrsta uppsetning

Í fyrsta sinn sem þú ferð í aðalval Svarhólfsins færð þú sérstaka kynningu fyrir nýja notendur. Kynningin mun leiða þig í gegnum að velja nýtt lyklnúmer og lesa inn kveðju.

Breyta kveðju eða lyklnúmeri Svarhólfs

Í aðalvalinu getur þú valið **3** til að breyta kveðjunni þinni og **4** til að breyta lyklnúmerinu. Fylgdu svo leiðbeiningunum sem eru lesnar upp hverju sinni.
